

**Ed.**

### **53. Nefndarálit**

um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er endurskoðun sveitarstjórnarlaganna lokið, og verða þá framvegis lög, er snerta sveitarstjórn, í 3 sjerstökum lagabálkum, það er lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, lögum um útsvör og sveitarstjórnarlagafrv. því, er hjer liggur fyrir.

Allsherjarnefnd er sammála um það, að þessi þrískifting á hinum fornu sveitarstjórnarlögum sje, að öðru jöfnu, fult svo skýr og aðgengileg fyrir þá, sem mest þurfa að nota þessi lög.

Nefndin hefir haft frumvarpið til meðferðar á nokkrum fundum og hefir litið við það að athuga, enda er það að mestu leyti samhljóða núgildandi lagaákvæðum um þetta efni. Ný ákvæði eru þó í því (30. gr.) um hvernig að skuli fara, ef breppsnefnd vanrækir að inna af hendi lögboðnar greiðslur eða svara fyrirspurnum æðri stjórnarvalda. Þá gerir frumvarpið einnig dálitla hækkun á launum breppsnefndaroddvita og fæðispeningum og ferðakostnaði sýslunefndarmanna.

Litur nefndin svo á, að þær fáu breytingar, er frumvarpið fer fram á, sjeu sumar nauðsynlegar og aðrar til nokkurra bóta, og ræður því háttv. deild til að samþykkja það með eftirfarandi

#### **BREYTINGUM.**

1. Við 23. gr. Fyrir »4 kr.« komi: 5. kr.
2. Við 30. gr.
  - a. Fyrir »í brjefi til oddvita« komi: í ábyrgðarbrjefi til oddvita.
  - b. Aftan við fyrri málsgr. greinarinnar bætist: ef hann á sök á drættinum.
3. Við 36. gr. Á eftir »afl atkvæða« í niðurlagi fyrri málsgr. komi: Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.
4. Við 38. gr. síðari málsgr. Í staðinn fyrir »einhverja aðra ráðstöfun« komi: einhverja ráðstöfun.
5. Við 44. gr. Fyrir orðið »hvert« í upphafi greinarinnar komi: yfirstandandi.

6. Við 53. gr. Á eftir fyrstu málsgr. bætist inn ný málsgr., svo hljóðandi:  
Lög nr. 46, 26. okt. 1917, um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Alþingi, 22. febr. 1927.

Jóh. Jóhannesson,  
form.

Guðm. Ólafsson,  
fundaskr. og frsm.

Jóhann P. Jósefsson.